



Íþróttafélagið Fylkir

Reykjavík 15.júlí 2019

Íþróttafélagið Fylkir sækir hér um styrk til Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar til að setja af stað starf innan Rafíþróttadeildar félagsins.

Fylkir stofnaði rafíþróttadeild innan félagsins í apríl 2019 og er markmiðið að bjóða upp á skipulagt starf fyrir börn og unglinga þar sem þau geta komið í aðstöðu félagsins og stunda rafíþróttir undir handleiðslu þjálfara. Ásamt því að stunda rafíþróttir læra þau markmiðasetningu, sjálfsaga, ábyrgð og tilfinningastjórnun svo fátt eitt sé nefnt. Einnig verður lögð áhersla á reglulega hreyfingu, mataræði og góða hvíld en þetta eru þættir sem skipta miklu máli í allri íþróttaiðkun. Allt þetta rímar við það sem sést hefur í skipulögðu rafíþróttastarfi á Norðurlöndunum.

Það er von okkar að vel verði tekið í þessa umsókn

Fyrir hönd Fylkis

Hörður Guðjónsson framkvæmdarstjóri